



Skattaspor

fyrir Orkuveitu Reykjavíkur árið 2023

KPMG ehf.

Mars 2024



Skattaspor

Í heimi aukinna væntinga hefur skattlagning og skattgreiðslur orðið þýðingamikill þáttur í opinberri umræðu.

Með aukinni áherslu hagsmunaraðila á ófjárhagslegar upplýsingar getur miðlun upplýsinga um skattaspor félaga verið mikilvægt innlegg.

Aukið gegnsæi um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga er eitt af þeim atriðum sem lánveitendur líta til við mat á viðskiptavinum.

Í samkeppnisumhverfi getur það veitt ákveðið forskot að birta viðbótarupplýsingar um skattalega stöðu fyrirtækis.



Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeirri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað.“

Efnisyfirlit

Hvað er skattaspor?

4

Fjárhagslegt verðmæti


6

Hvað er innifalið í skattaspori samstæðunnar

9

Viðaukar

17



01

Hvað er skattaspor?



Hvað er Skattaspor?



Skattaspor fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra.

Í skýrslu þessari eru veittar upplýsingar um skattaspor samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2023 sundurliðað á þær tegundir skatta og gjalda sem fyrirtækið stóð skil á.

Samskipti

Árangur í viðskiptum byggir ekki eingöngu á því sem gert er, heldur einnig á því sem sagt er og hvernig samskipti eru við hagsmunaaðila.

Miðlun upplýsinga um skattamál þarf ávallt að vera vönduð og skýr til að fyrirbyggja mögulega mistúlkun.

02

Fjárhagslegt verðmæti



Fjárhagslegt verðmæti

Orkuveita Reykjavíkur skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti.

Fjárhagslegt verðmæti (verðmætasköpun) samstæðu

Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2023 nam **61.743 m.kr.**, sem samanstendur af rekstrartekjum, fjármunatekjum og söluhagnaði.

Í raun er um að ræða þau verðmæti sem samstæðan skapaði með rekstri sínum á árinu 2023.

Framlag fyrirtækjanna í samstæðunni til viðskiptaumhverfisins samanstendur af þáttum eins og launum og launatengdum gjöldum, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum, vaxtagreiðslum til fjármögnunaraðila o.fl.



Fjárhagslegt verðmæti

Heildargjaldfærsla greiddra skatta og annarra gjalda til ríkis, sveitafélaga og lífeyrissjóða vegna starfseminnar á árinu 2023 nam

6.386 m.kr.,

sem nemur **10,3%**

af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækjanna á árinu.



Hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur starfa um

572 starfsmenn.




Launagreiðslur án launatengdra gjalda námu

7.910 m.kr.

Beinar launagreiðslur námu því

12,8%

af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækjanna.



03

Hvað er innifalið í skattaspori samstæðunnar

Hvað er innifalið í skattasporinu



Verðmætasköpun sem verður til í starfsemi samstæðunnar hefur þau áhrif að fyrirtækin standa skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.“

Skattaspor OR samanstendur bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri samstæðunnar og þeim sköttum sem fyrirtækin innan hennar innheimtu og stóðu skil á. Skattasporið vísar því til þeirra skatta og gjalda sem myndast vegna verðmætasköpunar sem rekstur fyrirtækjanna skilar.

Á árinu 2023 nam skattaspor fyrirtækjanna samtals **10.522 m.kr.** og skiptist þannig:



6.386 m.kr. Gjaldfærðir skattar



4.136 m.kr. Innheimtir skattar

Á árinu 2022 nam skattaspor fyrirtækjanna samtals **8.919 m.kr.** og skiptist þannig:



5.334 m.kr. Gjaldfærðir skattar



3.585 m.kr. Innheimtir skattar

Félögin greiddu virðisaukaskatt að fjárhæð 15.182 m.kr. vegna kaupa á aðföngum og þjónustu en þar sem hluti af starfsemi samstæðunnar er undanþegin virðisaukaskatti fengu félögin eingöngu 13.640 m.kr. endurgreiddar. Útskattur sem var lagður á þann hluta starfseminnar sem er virðisaukaskattskyldur nam 15.891 m.kr. og greiddu félögin því virðisaukaskatt til yfirvalda samtals að fjárhæð 2.251 m.kr.

Einu áhrif virðisaukaskatts sem ber að innifela í skattaspori fyrirtækis er innskattur sem greiddur er og fæst ekki endurgreiddur og/eða útskattur af sölu til endanlegra neytenda. Viðskiptavinir samstæðunnar sem eru í virðisaukaskattskyldri starfsemi geta fengið virðisaukaskattinn endurgreiddan. Virðisaukaskattur af sölu til annarra aðila fæst ekki endurgreiddur og er endanlegt framlag. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um rétt viðskiptavina til að nýta virðisaukaskatt af seldri þjónustu til frádráttar, er eingöngu sá hluti virðisaukaskattsins sem er gjaldfærður í rekstri OR talinn með í skattaspori fyrirtækisins, en hann nam 1.542 m.kr.

Upplýsingar um skattaspor samstæðunnar


Helstu niðurstöður um skattaspor OR eru þessi:

- Verðmætasköpun af rekstri samstæðunnar á árinu 2023 nam **61.743 m.kr.** sem ráðstafað var til samfélagsins með margvíslegum hætti s.s. með launagreiðslum til starfsmanna, greiðslum á launatengdum gjöldum, kaupum á aðföngum frá birgjum, greiðslu annarra opinberra gjalda o.s.frv.
- **Gjaldfærðir skattar** hjá OR vegna ársins 2023 námu **6.386 m.kr.** eða **10,3%** af verðmætasköpun fyrirtækjanna
 - 30%** fjárhæðarinnar eru lögboðin gjöld vegna starfsmanna,
 - 30%** er tekjuskattur til greiðslu, og
 - 24%** er virðisaukaskattur sem er gjaldfærður í rekstri fyrirtækjanna.
- Til viðbótar við skatta sem gjaldfærðir voru hjá samstæðunni, **innheimti** hún og stóð skil á sköttum og gjöldum sem ekki eru gjöld hennar en tengjast rekstrinum og þeim verðmætum sem hann skilar með beinum hætti. Slíkir innheimtir skattar námu **4.136 m.kr.** á árinu 2023.




Skattaspor Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2023


Skattaspor samstæðunnar greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta.



Gjaldfærðir skattar í rekstrarreikningi samstanda af **4.495 m.kr.** sem voru greiddar í ríkissjóð, **1.245 m.kr.** til lífeyrissjóða og **646 m.kr.** til sveitafélaga í formi fasteignagjalda og leyfisgjalda.



Innheimtir skattar, samstanda af greiðslum í ríkissjóð að fjárhæð **2.289 m.kr.**, útsvarsgreiðslum til sveitafélaga að fjárhæð **1.195 m.kr.** og framlögum starfsmanna til lífeyrissjóða að fjárhæð **652 m.kr.**




Gjaldfærðir skattar og gjöld

Gjaldfærðir skattar og gjöld í rekstri námu samtals **6.386 m.kr.**

samanborið við **5.334 m.kr.** árið 2023 og eru einkum vegna eftirfarandi liða:


- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna sem gjaldfærð eru hjá fyrirtækinu svo sem mótframlag í lífeyrissjóði og tryggingagjald.
- Tekjuskattur.
- Virðisaukaskattur sem er gjaldfærður í rekstri fyrirtækisins.
- Skattar á eignir sem eru fasteignagjöld.
- Aðrir skattar, m.a. orkuskipti, flutningsjöfnunargjald, rekstrarleyfi, heilbrigðisgjald, umsýslugjald til ríkisskattstjóra, eftirlitsgjald, bifreiðagjöld, leyfisgjöld og þróunarstyrkur sem kemur til lækkunar á öðrum sköttum.



Innheimtir skattar

Innheimtir skattar námu **4.136 m.kr.** samanborið við **3.585 m.kr.** árið 2022 og eru einkum vegna eftirfarandi liða:

- Skattbyrði starfsmanna
- Orkuskiptur og flutningsjöfnunargjald
- Fjármagnstekjuskattur




Greiðslur í lífeyrissjóð

Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð er 15,5% af launum og reiknuðu endurgjaldi. Launþegar Orkuveitu Reykjavíkur greiða 4% lögbundið framlag af launum sínum í lífeyrissjóði og Orkuveita Reykjavíkur greiðir 11,5% af launum starfsmannanna sem mótframlag í lífeyrissjóði.

Greiði starfsmaður í séreignarsjóð getur framlag hans numið allt að 4%, en mótframlag laungreiðanda allt að 2%.

Á árinu 2023 námu greiðslur í lífeyrissjóði **1.897 m.kr.** samanborið við **1.584 m.kr.** á árinu 2022. Á árinu 2023 hækkuðu greiðslur í lífeyrissjóði um **20%** samanborið við árið 2022. Á sama tíma hækkuðu laun og launatengd gjöld um **24%**.




Skattaspor undanfarin ár

Á árinu 2023 nam skattasporið **10.522 m.kr.** og hækkaði um **1.603 m.kr.** á milli ára.


Frá árinu 2019 hefur skattasporið vaxið um 2.791 m.kr. eða **36%**.

Undanfarin fimm ár hafa gjaldfærðir skattar verið að jafnaði um **62%** af skattaspori hvers árs.



04

Viðaukar



Orðskýringar



Fjárhagslegt verðmæti

Er jafnt heildartekjum fyrirtækis og innifelur rekstrartekjur, fjármunatekjur og söluhagnað eigna. Er sett fram sundurliðað eftir ráðstöfun þess.



Skattaspor fyrirtækis

Innifelur skatta og gjöld sem greidd eru til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða (gjaldfærðir skattar), auk skatta sem innheimtir eru og staðið skil á til yfirvalda.



Gjaldfærðir skattar

Skattar og gjöld sem teljast kostnaður fyrirtækis og hafa áhrif á afkomu þess. Lögboðin gjöld á launagreiðslur til starfsmanna s.s. tryggingagjald og mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði falla einnig hér undir.



Innheimtir skattar

Innheimtir skattar teljast ekki gjöld fyrirtækis en eiga sér uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrr.



Skattar á hagnað

Skattar lagðir á veltu og/eða hagnað. Fyrst og fremst er um að ræða tekjuskatt.



Skattar á eignir

Skattar vegna kaupa, sölu, eignarhalds eða notkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.



Starfsmannaskattar

Skattar og gjöld sem tengjast starfsmönnum fyrirtækis og skuldbindingum vegna þeirra.



Vöru-, viðskipta- og framleiðsluskattar

Skattar og gjöld lögð á og innheimt af fyrirtæki vegna sölu á vörum og þjónustu til viðskiptavina. Orkuskattur og flutningsjöfnunargjald eru hér með talin.



Grænir skattar

Skattar lagðir á vegna umhverfissjónarmiða sem hafa það að markmiði að mynda hvata til að draga úr losun skaðlegra efna eða skattar á vörur sem eru skaðlegar umhverfinu.



Afdráttarskattar

Skattar á tekjur lagðar á við uppruna. Afdráttarskattar finnast í flestum skattkerfum og eru lagðir á arð, vexti, þóknanir og sambærilegar tekjur.



Virðisaukaskattur

Er lagður á söluverð vöru og þjónustu sem útskattur og greiddur af aðföngum og aðkeyptri þjónustu og telst innskattur. Mismuni útskatts og innskatts er skilað í ríkissjóð eða fæst endurgreiddur. Virðisaukaskattur telst ekki til skattasporis nema þegar selt er til endanlegs neytanda og ef um er að ræða innskatt sem ekki er heimilt að nýta og telst til rekstrarkostnaðar fyrirtækis.

Grunnurinn að greiningunni

Forsendur

Skýrsla þessi er unnin af KPMG fyrir stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur. KPMG aflaði upplýsinga um skattaspor Orkuveitu Reykjavíkur með því að senda spurningarlista til stjórnenda félagsins. KPMG hefur reitt sig á nákvæmni þeirra upplýsinga en hefur hvorki endurskoðað né sannreynt þær.

Umfang skýrslunnar

Fjárhagsupplýsingar í skýrslu þessari taka til starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga hennar.

Allar fjárhæðir eru settar fram í milljónum króna (m.kr.) nema annað sé tekið fram.

Í textanum hér á eftir er jöfnum höndum fjallað um „OR“, „fyrirtækin“ og „samstæðuna“.



Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

Kristrún Helga Ingólfssdóttir
Partner
S. 545 6035
kingolfsdottir@kpmg.is

Anna María Ingvarsdóttir
Senior Manager
S. 545 6231
aingvarsdottir@kpmg.is

Um Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er móðurfélag samstæðu orku- og veitufyrirtækjanna Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur og Carbfix en félögin sjá viðskiptavinum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaf lutningi. Starfssvæði veitnanna nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins en rafmagn er selt um allt land.

Samstæðan leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.





kpmg.com/socialmedia

©2024 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.